



Knattspyrnudeild Skallagríms
Páll Snævar Brynjarsson, formaður
Viktor Már Jónasson, framkvæmdastjóri

Úrskurður: Kærumál nr. 5/2020 Ummæli leikmanns Skallagríms

Reykjavík, 16. júlí 2020.

Á aukafundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 16. júlí 2020 var tekin fyrir greinargerð sem barst til nefndarinnar frá Ólafi Brynjari Bjarkasyni aðstoðardómara í leik Skallagríms og Berserkja, í 4. deild karla þann 10. júlí sl., vegna meintra ummæla liðsmanns Skallagríms í garð leikmanns Berserskja í leiknum. Greinargerð aðstoðardómara er eftirfarandi:

Í leik Skallagríms og Berserkja þann 10.7 2020 átti sér stað eftirfarandi atvik. Á upb mínútu 50 í leiknum kallaði leikmaður Berserkja númer 17 Gunnar Jökull Johns á dómara leiksins Twana Khalid Ahmad og ásakaði leikmann Skallagríms númer 15 Atla Stein Ingason um að hafa kallað sig apa og sagt sér að fara aftur heim til Namibíu. Taka skal fram að Gunnar Jökull er dökkur á hörund.

Enginn úr dómaratríói leiksins heyrði ummælin og því hélt leikurinn áfram án agarefsingar fyrir Atla Stein. Eftir leikinn létu leikmenn og liðstjórn Berserkja í ljós eindregna ósk sína að ummælanna yrði getið í skýrslu um leikinn. En þar sem enginn af dómurum heyrði ummælin þá var það ekki gert heldur ákveðið, í samráði við yfirmann dómaramála hjá KSÍ Magnús Má Jónsson, að skrifa lýsingu á atburðinum og senda til KSÍ. Sem er hér með gert.

Ég vil einnig taka fram að þjálfari, nokkrir leikmenn og framkvæmdarstjóri Skallagríms voru mjög samvinnufúsir í málinu og voru tilbúnir að vinna með dómurum leiksins eða KSÍ til að komast til botns í málinu.

Greinargerðin, sem barst skrifstofu KSÍ þann 11. júlí sl., var send til knattspyrnudeildar Skallagríms og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 16:00 þann 15. júlí.

Á aukafundi nefndarinnar 16. júlí 2020 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 15. júlí frá Páli Snævari Brynjarssyni fh. knattspyrnudeildar Skallagríms. Í greinargerðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Varðandi greinargerð Ólafs Brynjars Bjarkasonar aðstoðardómara þá gerir stjórn Knattspyrnudeildar Skallagríms aðeins minniháttar athugasemdir við hana til að gæta fyllstu nákvæmni. Eftir því sem okkur er best kunnugt, þá notaði leikmaður Skallagríms orðið apaköttur en ekki api og nafn hans er Atli Steinar Ingason. Þá tókum við undir niðurlag greinargerðar Ólafs þar sem hann segir að forráðamenn Skallagríms hafi verið mjög samvinnufúsir í málinu, en hann ræddi við formann knattspyrnudeildar en ekki framkvæmdastjóra að leik loknum.

Stjórn Knattspyrnudeildar Skallagríms hefur lýst því yfir að hún muni ekki líða það að leikmenn viðhafi ummæli sem fela í sér kynþáttafordóma og hefur tvívegis gefið út

formlegar yfirlýsingar þar sem þetta er árréttað. Við lítum því svo á að okkar afstaða hafi komið skýrt fram.“

Jafnframt kemur eftirfarandi fram í greinargerð knattspyrnudeildar Skallagríms:

„Þetta atvik og öll umræða í kjölfar hennar hefur reynt mjög á leikmenn og þjálfara Skallagríms, en hópurinn hefur staðið þétt saman. Það er vissulega líka sárt að horfa upp á leikmanns liðsins brjóta af sér á óafsakanlegan hátt, en við treystum því að aganefnd KSÍ taki á þessu máli með viðeigandi og sanngjörnum hætti. Við vonumst jafnframt til þess að leikmaðurinn sem í hlut á læri af biturri reynslu, þiggi aðstoð og nýti væntanlegt keppnisbann til að vinna úr sínum málum.“

Niðurstaða:

Mál þetta fellur undir lögsögu Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við ákvæðin úrskurðar Aga- og úrskurðarnefnd m.a. um mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Nefndin skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi aðila.

Í þessu máli hefur Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ aflað athugasemda frá knattspyrnudeild Skallagríms vegna greinargerðar aðstoðardómara í leik Skallagríms og Berserkja í 4. deild karla þann 10. júlí 2020. Í greinargerðinni er vitnað til ummæla Atla Steinars Ingasonar sem hann viðhafði um andstæðing í leiknum. Fyrir liggur að hvorki dómari né aðstoðardómari heyrðu ummælin sem frá er greint í greinargerð aðstoðardómara í leik Skallagríms gegn Berserkjum. Því liggur fyrir nefndinni að taka afstöðu til þess hvort alvarlegt agabrot í formi ummæla leikmanns Skallagríms hafi átt sér stað.

Að öllu framangreindu og fyrirliggjandi gögnum virtum er það mat Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að óbyggjandi sé að alvarlegt agabrot hafi átt sér stað af hálfu leikmanns Skallagríms í leik félagsins gegn Berserkjum í 4. deild karla þann 10. júlí 2020. Ummælum leikmannsins hefur ekki verið mótmælt af aðilum málsins.

Það er álit Aga- og úrskurðarnefndar að ummælin falli undir grein 16.1. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt ákvæðinu skal hver sá sem misbýður í orði eða verki varðandi kynþátt eða litarhátt sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli. Jafnframt skal félag viðkomandi sæta sekt að lágmarki kr. 100.000.

Með vísan til framangreinds er ljóst að Atli Steinar Ingason hafi gerst brotlegur við ákvæði 16.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Vegna brotsins skal Atli Steinar sæta leikbanni í 5 leiki í keppnum á vegum KSÍ og banni frá Skallagrímsvelli í Borgarnesi á meðan bannið varir. Knattspyrnudeild Skallagríms skal greiða kr. 100.000 í sekt til KSÍ samkvæmt sömu grein.

Úrskurðarorð:

Atli Steinar Ingason skal sæta leikbanni í 5 leiki í keppnum á vegum KSÍ og tekur bannið gildi nú þegar. Auk þess sætir Atli Steinar banni frá leikvelli Skallagríms í Borgarnesi á meðan leikbannið varir. Knattspyrnudeild Skallagríms skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000 til KSÍ.

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson